

Fyrsta stig

Fyrsta stigsprófið á rafbassa er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G1**. Ætlast er til þess að nemendur í fyrsta stigi eigi kennslubók og kaupi æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok fyrsta stigs eiga rafbassanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- beiti líkamanum á eðlilegan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi náð nokkuð góðri handstöðu beggja handa.
- beiti jöfnum fingrahreyfingum.
- leiki með nokkuð góðum tóni.
- geti gert nokkrar styrkbreytingar.
- hafi öðlast grunnþekkingu á bassamögnurum.
- sé fær um að ná nokkuð góðum tóni með magnara.
- hafi öðlast grundvallarhrynskyn.
- hafi kynnst algengustu formgerðum.
- hafi grundvallarskilning á hlutverki síns hljóðfæris í hljómsveit.
- hafi þjálfast reglulega í leik og notkun eftirfarandi tónstiga:
 - dúr og dúr-pentatónískur: C, G og F
 - moll-pentatónískur og hreinn moll: a, e og g
- hafi þjálfast reglulega í leik eftirfarandi hljóma, eina áttund:
 - dúr þríhljómar: C, G og F
 - moll þríhljómar: a, e og g
- leiki tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi kynnst notkun pentatóntónstiga, einkum til spuna yfir einfalt blúsform.
- leiki með nokkuð öruggri hryntilfinningu.
- hafi kynnst ýmiskonar samleik.
- hafi fengið tækifæri til að leika í hljómsveit.
- geti unnið undir leiðsögn í samspili og hljómsveitarstarfi.
- hafi kynnst nótnalestri.
- hafi þjálfast í lestri bókstafshljóma.
- geti lesið og leikið án undirbúnings einföld verkefni.
- hafi þjálfast reglulega í að leika laglínur utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að læra hljómaganga utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að læra einfaldar laglínur og hljómaganga eftir eyra.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á fyrsta stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um eins árs nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning fyrsta stigsprófs og vægi prófþátta

Prófþættir á fyrsta stigsprófi eru sex. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Nemendur skulu að lágmarki flytja laglínu í einu verki og tilgreina skal í prófgögnum í hvaða lögum próftaki flytur laglínu.

1. Tónstigar og þríhljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- Dúrtónstiga: C, G og F
- Dúr-pentatóníska tónstiga: C, G og F
- Hreina molltónstiga: a, e og g
- Moll-pentatónískan: a, e og g
- Dúr þríhljóma: C, G og F
- Moll þríhljóma: a, e og g

Leikmáti:

- tónsvið: ein áttund
- dúrtónstiga frá 2. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá
- molltónstiga frá 1. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá
- þríhljóma með einni fingrasetningu, brotna
- tónstiga og brotna hljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 60, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing (21 stig)

Æfing má vera úr kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók.

3. Verk 1 (21 stig)

Stutt lag

4. Verk 2 (21 stig)

Stutt lag

5. Lestur af blaði (12 stig)

Smáæfing sem sýnir grundvallarleikni í nótna- eða TAB lestri

6. Heildarsvipur (10 stig)

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

Annað stig

Annað stigsprófið á rafbassa er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Það telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **Tónfræði G2**. Ætlast er til þess að nemendur í öðru stigi eigi kennslubók og kaupi æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok annars stigs eiga rafbassanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- hafi náð nokkuð góðum grundvallartökum á hljóðfærinu.
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi náð góðri handstöðu beggja handa.
- beiti jöfnum og markvissum fingrahreyfingum.
- leiki með allgóðum tóni.
- geti gert styrkbreytingar heyranlegar.
- hafi öðlast grunnþekkingu á bassamögnum.
- sé fær um að ná allgóðum tóni með magnara.
- hafi öðlast nokkuð gott hrynskyn.
- þekki algengustu formgerðir.
- geti leikið bassalínur í undirleik af öryggi.
- hafi kynnst einföldum „two beat“-bassalínunum og einföldum poppbassalínunum.
- hafi kynnst leik einfaldra funk- og R&B bassalína.
- hafi grundvallarskilning á hlutverki síns hljóðfæris í hljómsveit.
- hafi þjálfast reglulega í leik og notkun eftirfarandi tónstiga, eina áttund:
 - dúr og dúr-pentatónískir: C, G, F og D
 - hreinn moll og moll-pentatónískur: e, a, g og c
- hafi vald á að leika framangreinda dúrtónstiga frá 2. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi vald á að leika framangreinda molltónstiga frá 1. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi þjálfast reglulega í leik eftirfarandi hljóma, eina áttund:
 - dúr þríhljómar: C, G, F og D sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
 - moll þríhljómar: e, a, g og c sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- þekki helstu notkunarmöguleika allra framangreindra hljóma og tónstiga til spuna.
- leiki tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi safnað a.m.k. þremur þekktum lögum á safnlista.
- geti spunnið yfir einföld hljómfæri á díatónískan máta.
- hafi allgóð tök á notkun pentatónstiga, einkum til spuna yfir einfalt blúsform.
- sýni notkun á mismunandi styrk og styrkbreytingum, bæði í spuna og flutningi laglína.
- hafi kynnst ýmiskonar samleik.
- hafi fengið tækifæri til að leika í hljómsveit.
- geti unnið undir leiðsögn í samspili og hljómsveitarstarfi.
- hafi kynnst algengasta taktslætti og bendingum stjórnanda.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum sem þátttakandi í samspili.
- hafi þjálfast í nótnalestri.

- hafi þjálfast reglulega í lestri bókstafshljóma til undirleiks og spuna.
- skilji algengustu leiðbeinandi orð og tákni sem koma fyrir á lagblöðum (lead sheet).
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrsta stigi.
- hafi þjálfast reglulega í að leika laglínur utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að læra hljómaganga utanbókar til notkunar í undirleik og spuna.
- hafi þjálfast reglulega í að læra einfaldar laglínur og hljómaganga eftir eyra.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á öðru stigsprófi samkvæmt þessari námskrá.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir um tveggja ára nám:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning annars stigsprófs og vægi prófþátta

Prófbættir á öðru stigsprófi eru sjö. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Verk 1-2 skulu flutt utanbókar. Nemandi undirbýr eitt aðallag og leggur að auki fram lista með þremur lögum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin fjögur lög til prófs auk valverkefnis. Nemendur skulu að lágmarki flytja laglínu í aðallagi og einu safnlistalagi og tilgreina skal í prófgögnum í hvaða lögum próftaki flytur laglínu.

1. Tónstigar og þríhljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- Dúrtónstiga: C, G, F og D
- Dúr-pentatóníska tónstiga: C, G, F og D
- Hreina molltónstiga: e, a, g og c
- Moll-pentatónískan: e, a, g og c
- Dúr þríhljóma: C, G, F og D
- Moll þríhljóma: e, a, g og c

Leikmáti:

- tónsvið: ein áttund
- dúrtónstiga frá 2. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá
- molltónstiga frá 1. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá
- þríhljóma með tveimur fingrasetningum, brotna
- sjöundarhljóma með einni fingrasetningu
- tónstiga og brotna hljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 100, miðað við að leiknar séu fjórðapartsnótur

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing (15 stig)

Æfing má vera úr kennslubók sem nemandinn er að vinna úr eða úr æfingabók.

3. Verk 1 (15 stig)

Aðallag að eigin vali.

4. Verk 2 (15 stig)

Í þessum þætti skal leggja fram lista með þremur lögum sem prófdómari velur úr.

5. Val (15 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Leika verk samkvæmt klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

6. Lestur af blaði (15 stig)

- a. Hefðbundinn nótnalestur (5 stig)
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (10 stig)

7. Heildarsvipur (10 stig)

Öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma

Grunnpróf

Grunnpróf á rafbassa er þeytt eftir að nemandi hefur náð eftirfarandi hæfniviðmiðum og hefur undirbúið hæfileg prófverkefni. Grunnpróf eru aðeins dæmd af Prófanend tónlistarskóla og kemur prófdómari á vegum hennar alla jafna árlega til þess að dæma próf í skólanum. Grunnprófið telst fullgilt aðeins ef nemandi lýkur einnig **grunnprófi í tónfræði** og aðeins þá fæst afhent prófskírteini frá Prófanefnd. Ætlast er til þess að nemendur sem stefna að grunnprófi eigi kennslubók og æfingabók í samræmi við fyrirmæli kennara.

Við lok grunnnáms eiga rafbassanemendur að hafa náð eftirfarandi markmiðum:

Nemandi

- hafi náð góðum grundvallartökum á hljóðfærinu.
- beiti líkamanum á eðlilegan og áreynslulausan hátt þegar leikið er á hljóðfærið.
- hafi náð góðri handstöðu beggja handa.
- beiti jöfnum og markvissum fingrahreyfingum.
- hafi náð góðum tókum á að leika með nögl.
- leiki með allgóðum tóni og öruggri tónmyndun.
- hafi öðlast tón sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- sýni tónmótun sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- geti gert styrkbreytingar heyranlegar.
- hafi öðlast grunnþekkingu á bassamögnurum.
- sé fær um að ná allgóðum tóni með magnara.
- hafi öðlast allgott hrynskyn.
- geti leikið með hryntilfinningu sem hæfir stíl tónlistarinnar.
- skilji og þekki algengustu formgerðir.
- sýni gott formskyn.
- flytji laglínur á sannfærandi hátt, m.a. með persónulegri túlkun, hendingamótun og styrkbreytingum.
- geti leikið bassalínur í undirleik af öryggi og smekkvísi.
- geti búið til einfaldar „two beat“-bassalínur og einfaldar poppbassalínur.
- hafi kynnst leik einfaldra funk- og R&B-bassalína.
- hafi grundvallarskilning á hlutverki síns hljóðfæris í hljómsveit.
- hafi þjálfast reglulega í leik og notkun eftirfarandi tónstiga, eina áttund:
 - dúr og dúr-pentatónískur: C, G, D, F, Bb
 - hreinn moll, dórískur, moll-pentatónískur og blústónstigi: D, A, E, G, C
 - mixólýdískur: G, D, A, C, F
- hafi vald á að leika framangreinda dúrtónstiga frá 2. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi vald á að leika framangreinda molltónstiga frá 1. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi kynnst leik dúr- og molltónstiga frá 4. fingri vinstri handar (2. fingrasetning), sjá dæmi á bls. 146 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi kynnst og skilji uppbyggingu eftirtalinnna hljómhæfra og djassmoll tónstiga: D, A, E, G, C (moll með stórrí sexund og stórrí sjöund).
- hafi þjálfast reglulega í leik eftirfarandi hljóma, eina áttund:
 - dúr þríhljómar og maj7 hljómar: C, G, D, F, Bb, sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
 - moll þríhljómar og m7 hljómar: D, A, E, G, C, sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
 - 7 hljómar: G, D, A, C, F, sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.

- hafi kynnst og skilji uppbyggingu +7, og dim7 hljóma í algengustu tóntegundum.
- skilji uppbyggingu og þekki helstu notkunarmöguleika allra framangreindra hljóma og tónstiga til spuna.
- hafi öðlast grundvallarskilning á eðli og uppbyggingu kirkjutóntegunda.
- leiki tónstiga og hljóma jafnt, hiklaust og utanbókar.
- hafi farið yfir viðunandi fjölda verkefna.
- hafi fengist við fjölbreytt úrval verkefna.
- hafi safnað a.m.k. fjórum þekktum lögum á safnlista.
- geti spunnið liðlega yfir einföld hljómferli á díatónískan máta.
- sýni með spuna sínum góðan skilning á hljómrænu innihaldi tónlistarinnar.
- hafi allgóð tök á notkun blús- og pentatónstiga, einkum til spuna yfir einfalt blúsform.
- leiki með öruggri hryntilfinningu.
- sýni sannfærandi hendingamótun í spuna.
- sýni eðlilega framvindu í spuna.
- sýni sannfærandi uppbyggingu í spuna.
- sýni sannfærandi sjálfsprottna notkun á mismunandi styrk og styrkbreytingum, bæði í spuna og flutningi laglína.
- geti spunnið út frá hljómagöngum laga af sambærilegri þyngd og lög sem nefnd eru sem dæmi um prófverkefni á grunnprófi í greinanámskrá fyrir rytmíska tónlist.
- hafi kynnst ýmiskonar samleik.
- hafi fengið tækifæri til að leika í hljómsveit.
- geti unnið undir leiðsögn í samspili og hljómsveitarstarfi.
- hafi kynnst algengasta taktslætti og bendingum stjórnanda.
- hafi fengið tækifæri til að koma fram á tónleikum sem þátttakandi í samspili.
- sýni skilning á hlutverki bassaleikara í hljómsveit.
- sýni hlustun á meðspilara og virkt samspil.
- sýni frumkvæði í samleik.
- sýni að hann sé móttækilegur fyrir frumkvæði annarra í samleik.
- hafi þjálfast reglulega í nótnalestri.
- hafi þjálfast reglulega í óundirbúnum nótnalestri.
- hafi þjálfast reglulega í lestri bókstafshljóma til undirleiks og spuna.
- hafi þjálfast reglulega í óundirbúnum lestri bókstafshljóma til undirleiks og spuna.
- skilji og geti farið eftir algengustu leiðbeinandi orðum og táknum sem koma fyrir á lagblöðum (lead sheet).
- geti lesið og leikið án undirbúnings verkefni sambærileg þeim sem fengist var við í fyrri hluta grunnnáms.
- hafi þjálfast reglulega í að leika laglínur utanbókar.
- hafi þjálfast reglulega í að læra hljómaganga utanbókar til notkunar í undirleik og spuna.
- hafi þjálfast reglulega í að læra einfaldar laglínur og hljómaganga eftir eyra.
- hafi undirbúið prófverkefni til flutnings á grunnprófi samkvæmt aðalnámskrá tónlistarskóla.

Nemandi sýni eftirfarandi atriði í þeim mæli sem eðlilegt getur talist eftir við lok grunnnáms:

- tilfinningu fyrir túlkun og hendingamótun
- blæbrigði og andstæður
- þekkingu og skilning á stíl
- tilfinningu fyrir samleik
- öruggan og sannfærandi leik
- persónulega tjáningu
- viðeigandi framkomu

Uppsetning grunnprófs og vægi prófpáttanna

Prófpættir á grunnprófi eru átta. Nemendur þurfa að fá einkunnina 6,0 á prófinu í heild til þess að standast það. Verk 1-3 skulu flutt utanbókar. Nemandi undirbýr tvö aðallög og leggur að auki fram lista með fjórum lögum og velur prófdómari eitt þeirra til flutnings. Alls eru því undirbúin sex lög til prófs auk valverkefnis. Nemendur skulu að lágmarki flytja laglínu í öðru tveggja aðallaga og helmingi safnlistalaga og tilgreina skal í prófgögnum í hvaða lögum próftaki flytur laglínu.

1. Tónstigar og þríhljómar (15 stig)

Til prófs skal undirbúa eftirfarandi tónstiga og hljóma:

- dúr og dúr-pentatónískan: C, G, D, F, Bb
- hreinan moll, dórískan, moll-pentatónískan og blústónstiga: D, A, E, G, C
- mixólýdískan: G, D, A, C, F
- dúr þríhljóma og maj7 hljóma: C, G, D, F, Bb, sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá
- moll þríhljóma og m7 hljóma: D, A, E, G, C, sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá
- 7 hljóma: G, D, A, C, F, sbr. tóndæmi á bls. 146 í greinanámskrá

Leikmáti:

- tónsvið: ein áttund
- dúrtónstiga frá 2. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá
- molltónstiga frá 1. fingri vinstri handar, sjá dæmi á bls. 145 í greinanámskrá
- þríhljóma með tveimur fingrasetningum, brotna og sem samhljóm
- sjöundarhljóma með einni fingrasetningu
- tónstiga og brotna hljóma eigi hægar en M.M. ♩ = 80, miðað við að leiknar séu áttundapartsnótur
- jafnt, hiklaust og utanbókar

Í prófinu velur prófdómari þá tónstiga og hljóma sem leiknir eru.

2. Æfing (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

3. Verk 1 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

Lög skulu vera ólík og leikin utanbókar.

4. Verk 2 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

Lög skulu vera ólík og leikin utanbókar.

5. Verk 3 (15 stig)

Í samræmi við kröfur greinanámskrár fyrir rytmíska tónlist.

Í þessum þætti skal leggja fram lista með fjórum lögum sem prófdómari velur úr.

Lög skulu vera leikin utanbókar.

6. Val (10 stig)

Nemandi velji eitt eftirtalinna viðfangsefna:

- a. Leika frumsamið verk eða eigin útsetningu.
- b. Leika verk samkvæmt klassískri námskrá af sambærilegri þyngd og önnur prófverkefni.

7. Lestur af blaði (10 stig)

- a. Hefðbundinn nótnalestur (5 stig)
- b. Lestur bókstafshljóma og spuni yfir þá (5 stig)

8. Heildarsvipur (5 stig)

Mat prófdómara á heildarsvip prófs. Getur tekið til ýmissa þátta, en þar á meðal eru tilfinning fyrir túlkun og hendingamótun, blæbrigði og andstæður, þekking og skilningur á stíl, tilfinning fyrir samleik, öruggur og sannfærandi leikur, persónuleg tjáning og viðeigandi framkoma.